

Ályktunartillögur stjórnar Klappa Grænna Lausna hf.

fyrir aðalfund félagsins þann 27. apríl 2023

Dagskrárliður 3

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins

Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2022 verði samþykktur.

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2022 er aðgengilegur á vefsíðu Klappa Grænna Lausna hf. www.klappir.com/investors

Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra félagsins, Jóni Ágústi Þorsteinssyni.

Dagskrárliður 4

Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig skuli fara með hagnað eða tap ársins 2022

Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa og að tap félagsins vegna rekstrarársins 2022 verði fært til lækkunar á eigin fé félagsins.

Dagskrárliður 6

Kosning endurskoðenda félagsins

Stjórn leggur til að Deloitte ehf., og Birna María Sigurðardóttir endurskoðandi sem þar starfar, verði endurkjörð endurskoðunarfirma félagsins.

Dagskrárliður 7

Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Lagt er til að stjórnarlaun verði óbreytt eða sem nemur kr. 50.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Dagskrárliður 8

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt óbreytt.

Stjórnarformaður félagsins, Ágúst Einarsson, skýrir frá framkvæmd áður samþykkrar starfskjarastefnu.

Dagskrárliður 9

Tillaga stjórnar til aðalfundar um breytingu á gr. 5.2 samþykktá félagsins

Stjórn leggur til að gildandi heimild stjórnar, skv. gr. 5.2 samþykktá félagsins, til að ákveða hækkun á hlutfé félagsins í B-flokki hlutabréfa verði framlengd um fimm ár frá aðalfundi félagsins 2023.

Dagskrárliður 10

Tillaga stjórnar til aðalfundar um breytingu á gr. 7.9 samþykktá félagsins

Stjórn leggur til að gerð verði breyting á gr. 7.9 samþykktá félagsins þess efnis að endanlega dagskrá og tillögur fyrir aðalfund skuli birta tveimur vikum fyrir aðalfund en ekki einni viku fyrir fundinn. Er því lagt til að ákvæðið verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins að gættum ákvæðum laga um hlutafélög. Slíkri kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar félagsins eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar. Kröfu má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn. Birta skal ályktunartillögur hluthafa á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra. Viku fyrir hluthafafund (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal senda út endanlega dagskrá og tillögur.“